

Reglur um hvatapeninga árið 2018

Samkvæmt samþykkt bæjarráðs Garðabæjar fá öll börn á aldrinum 5-18 ára (fædd 2000- 2013) kr. 50.000 í hvatapening á árinu 2018. Hvatapeningana er hægt að nýta til að greiða niður gjöld í skipulögðu íþrótt-, tómstunda- og æskulýðsstarfi sem stundað er reglulega. **Hvatapeninga ársins 2018 er hægt að nýta vegna reikninga sem gefnir eru út á árinu 2017 og 2018. Réttur til hvatapeninga fyrir árið 2018 fellur niður í árslok. Ónýttir hvatapeningar geymast ekki milli ára.**

Reglur um notkun hvatapeninga:

1. **Skilyrði** þess að hægt sé að nýta hvatapeningana er að um **skipulagt starf** sé að ræða sem er stundað **undir leiðsögn** þjálfara eða leiðbeinanda og nær **yfir eina önn** eða að **lágmarki 10 vikur**. Undantekning er 5 og 6 ára börn þar sem lágmarkstímalengd námskeiða er 20 kennslustundir óháð vikufjölda. Þetta á t.d. við um allt íþróttastarf sem stundað er á vegum viðurkenndra íþróttafélaga, dans í dansskólum og skátastarf.
2. Hvatapeningana er ekki hægt að nýta til að kaupa árskort í líkamsræktarstöðvum en skipulögð unglínganámskeið og dansnámskeið innan líkamsræktarstöðva falla undir styrkinn. Undantekning frá þessu eru ungmenni í þremur elstu árgöngunum, þ.e. 16, 17 og 18 ára (fædd 2000, 2001 og 2002), þau geta nýtt hvatapeningana til að kaupa kort í líkamsræktarstöðvum.

Samþykkt á fundi bæjarráðs Garðabæjar

9. janúar 2018

Guðjón Erling Friðriksson,
bæjarritari.